

Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar 25. nóvember 1999

## Fundargerð

Á fundinn mættu: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Jón Kalmannsson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Lögð fram skýrsla Birkis Björns Sveinssonar heimspekinema um verkefni sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnið á Siðfræðistofnun sumarið 1999.
3. Lagt fram bréf frá Alþingi þar sem þess er óskað að Siðfræðistofnun taki til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklunga. Lögð fram drög að svari.
4. Lagt fram bréf til Ljósmeðrafélags Íslands.
5. Greint frá gangi rannsóknar á friðhelgi einkalífs.
6. Greint frá því að Siðfræðistofnun hafi fengið styrk að fjárhæð kr. 80.000 til þess að halda málþing um sjálfsákvörðunarrétt aldraðra þann 26. nóvember.
7. Lögð fram umsögn Jóns Kalmannssonar um skýrslu Forsætisráðuneytis um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu.
8. Greint frá fjárveitingu kirkjuráðs og ræddar tillögur um hvernig henni skuli varið. Lögð fram drög að bréfi til kirkjuráðs þar sem þakkað er fyrir fjárveitinguna. Rætt um tillögur um ráðstöfun styrksins:
  1. Rannsóknarverkefnið Friðhelgi einkalífs og Sjálfræði aldraðra
  2. Þýðingar og útgáfuverkefni. Rætt um fjárhagsáætlun vegna þýðingar á *Teologisk Etik*. Ákveðið að rita bréf til Guðfræðistofnunar þar sem farið væri fram á 300.000 króna styrk til þýðingarinnar.
  3. Halli SiðfræðistofnunarÁkveðið að halda innan tíðar sérstakan stjórnarfund um fjármál stofnunarinnar.
9. Önnur mál.
  - Greint frá því að Aðalheiður Sigursveinsdóttir muni annast vinnu við Euroethics Database fyrir hönd Siðfræðistofnunar.
  - Rætt um hugmyndir Ketils Magnússonar um rannsóknir á sviði viðskiptasiðfræði.